



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. mars 2021.

**efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Lagt er til að breyta aðgangsskilyrðum að háskóla fyrir nemendur sem vilja hefja nám í háskóla með þeim hætti að staða nemenda sem lokið hafa list-, tækni- og starfsnámi sé metin til jafns við þá sem lokið hafa stúdentsprófi. Einnig er stefnt að því með frumvarpinu að hvetja háskóla til að móta skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum.

SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. SI vísa í meðfylgjandi umsögn sína um frumvarpið sem lögð var fram 27. nóvember 2020, þar sem fram koma nokkur atriði sem vert er að taka fram.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,  
verkefnastjóri á menntasviði SI.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu  
Reykjavík

**Sent á samráðsgátt**

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.**

Samtök iðnaðarins (SI) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. Eftirfarandi eru nokkur atriði sem SI vilja draga sérstaklega fram:

- Nemendur sem lokið hafa starfsnámi hafa ekki allir átt greiðan aðgang að háskólanámi, en í tið núverandi menntamálaráðherra hefur verið lögð áhersla á að jafna stöðu nemenda sem hafa lokið ólíkum lokaprófum úr framhaldsskólum. Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér breytingar á aðgangsskilyrðum í háskóla þannig að auk stúdentsprófs kemur nú nýtt skilyrði um að nemendur skuli hafa lokið lokaprófi úr framhaldsskóla á þriðja hæfniprepí. Starfsnámsbrautum (um 70 staðfestar brautir) og stúdentsbrautum (um 150 staðfestar brautir), verður nú gert jafnhátt undir höfði samkvæmt frumvarpinu og er það mikið fagnaðarefni, enda löngu tímabært.
- Háskólar eru hvattir til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum og upplýsa framhaldsskóla um þau, samkvæmt frumvarpinu og er það vel. Nemendur geta þannig skipulagt nám sitt í framhaldsskóla til samræmis við kröfur viðtökuháskóla.
- Mikill skortur hefur verið á starfs- og tæknimenntuðu fólk á vinnumarkaðnum hér á landi en, eins og kemur fram í drögum að Menntastefnu til 2030, er starfs- iðn, og tækninám forsenda sjálfbærni atvinnugreina á Íslandi. Frumvarp það sem hér er til umsagnar er samið á grundvelli tillagna í aðgerðaráætlun ráðherra til að auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun sem unnið er að í samstarfi við SI og Samband íslenskra sveitarfélaga. SI lýsa sig reiðubúin í áframhaldandi samstarf í þessum málauflokk, enda ærin verkefni framundan samkvæmt aðgerðaráætluninni.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

**SAMTÖK IÐNAÐARINS**

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,  
verkefnastjóri á menntasviði SI